

Nr. 036 / 16 Amma Kibba, RIB farþegabátur***Farþegi slasast í baki***

Skipaskr.nr. 7775
Útgerð: Gentle Giants- Hvalaferðir ehf.
Smíðaður: Pólland 2013, plast
Stærð: 16,24 bt.
Mesta lengd: 12,00 m Skráð lengd: 11,5 m
Breidd: 3,96 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Volvo Penta, 550 kw, árg:2013
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 7



Amma Kibba ©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. september 2015 var farþegabáturinn Amma Kibba á siglingu frá Húsavík með farþega. Veður: Hægviðri og kennialda á Grímseyjarsundi um 1,0 m.

Eftir stutta siglingu slasaðist einn farþegi í baki og var snúið með hann til hafnar þar sem honum var komið undir læknishendur. Siglingu bátsins var síðan haldið afram.

Slasaði varð óvinnufær eftir slysið enda hlaut hann samfallsbrot á hrygg.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagði að bátnum hefði verið siglt yfir kjölfar annars báts og við það hefði hann lyfst mikið og skolið niður. Við þetta kvaðst slasaði hafa kastast upp og skolið illa niður. Slasaði kvaðst hafa heyrt hrygginn á sér brotna og í ljós kom að um samfallsbrot var að ræða;
- að slasaði kvaðst hafa setið fremst í bátnum og farþegarnir hefðu fengið leiðbeiningar um hvernig þeir ættu að haga sér;
- að sögn skipstjóra var öryggiskynning á bryggju áður en lagt var af stað í ferðina sem fólst í að kynna bátinn, áhöfn og öryggisbúnað. Farþegar voru spurðir um heilsufar s.s. í baki og hjarta. Þá var farþegum kennt að standa öldur með því að vera ekki stífir heldur mjúkir í hnjúnum og hreyfingin á bátnum væri minnst aftast í honum;
- að sögn skipstjóra var siglingahraði bátsins þegar atvikið gerðist um 25 hnútar (+/- 2-3 hnútar)

- að fram kom hjá skipstjóra að tveir RIB bátar hafi siglt með 100-150 m millibili og Amma Kibba svolítið framar en hinn báturinn;
- að nefndinni bárust athugasemdir við drög að lokaskýrslu frá útgerðaraðila sem ekki leiddu til breytinga á niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndarálit:

Nefndin telur ástæðu slyssins vera þá að siglt hafi verið of hratt miðað við aðstæður.

Sérstök ábending:

Vegna tíðra slysa á hraðbátum hefur Maritime and Coastguard Agency í Englandi gefið út leiðbeiningar, *Marine Guidance Note, MGN 436 (M+F)*, til allra bátasmiðja, eigenda, stjórnenda og rekstraraðila svona báta.

Tillaga í öryggisátt:

Í ljósi tíðra slysa um borð í RIB bátum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, leggur nefndin til við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti að settar verði reglur sem tryggji öryggi farþega. Í því sambandi verði m.a. athugað hvort fjaðrandi sæti geti verið einn liður í því.